

Reglugerð Sjúkrasjóðs Bárunnar, stéttarfélags

1. gr. Nafn sjóðsins og heimili

- 1.1 Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður Bárunnar, stéttarfélags.
- 1.2 Sjúkrasjóður Bárunnar, stéttarfélags er stofnaður með tilvísun til laga nr. 19, frá 1. maí 1979 og sjóða félaga sem sameinaðir voru sjúkrasjóði.
- 1.3 Sjúkrasjóður Bárunnar, stéttarfélags er eign Bárunnar, stéttarfélags. Heimili hans og varnarþing er á Selfossi.

2. gr. Verkefni sjóðsins

- 2.1 Verkefni sjóðsins er að veita sjóðsfélögum Sjúkrasjóðs Bárunnar, stéttarfélags fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum. Sjóðsfélagar eru þeir sem greitt hafa, eða fyrir þá hafa verið greidd, iðgjöld til sjóðsins.
- 2.2 Verkefni sjóðsins er ennfremur að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar.

3. gr. Tekjur

- 3.1 Tekjur sjóðsins eru skv. kjarasamningi Bárunnar, stéttarfélags sbr. 7. gr. laga nr. 19/1979, samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.
- 3.2 Vaxtatekjur og annar arður.
- 3.3 Gjafir, framlög og styrkir.
- 3.4 Aðrar tekjur sem aðalfundur félagsins/sjóðsins kann að ákveða hverju sinni.

4. gr. Stjórн og rekstur

- 4.1 Stjórн sjóðsins skal skipuð fimm félagsmönnum sem kosnir eru á aðalfundi Bárunnar, stéttarfélags með sama hætti og stjórн félagsins til tveggja ára í senn. Stjórnin ber ábyrgð á öllum fjárreiðum sjóðsins.
- 4.2 Stjórnum sjóðsins skal vera í samræmi við þau sjónarmið sem gilda skv. almennum stjórnsýslureglum, lögum félagsins, starfs og siðareglum.
- 4.3 Heimilt er að fela skrifstofu Bárunnar, stéttarfélags fjárreiður og umsjón með sjóðnum. Þó skal halda bókhaldi sjóðsins aðskildu frá öðrum fjárreiðum Bárunnar, stéttarfélags.
- 4.4 Ávallt skulu liggja fyrir gögn um rétt einstaklings til greiðslu úr sjóðnum.

5. gr. Bókhald, reikningar og endurskoðun

- 5.1 Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram áritaðir af félagslegum skoðunarmönnum og löggiltum endurskoðanda fyrir aðalfund Bárunnar, stéttarfélags (aðalfund sjóðsins).
- 5.2 Endurskoðun ber að framkvæma af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi í samræmi við góða endurskoðunarvenju sem í gildi er á hverjum tíma.
- 5.3 Í ársreikningi eða skýringum með honum skal sundurliða sérstaklega kostnað vegna hvers og eins bótafloks skv. 12.gr.

5.4 Um bókhald, reikninga og endurskoðun fer að öðru leyti skv. viðmiðunarreglum um bókhald og ársreikninga stéttarfélaga og landssambanda sbr. 3.mgr. 44.gr. laga ASÍ eins og þær reglur eru á hverjum tíma.

6. gr. Úttekt óháðra eftirlitsaðila

6.1 Ár hvert, að loknum aðalfundi, skulu endurskoðaðir ársreikningar sjóðsins sendir skrifstofu ASÍ.

6.2 Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórн sjóðsins fá tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og semja skýrslu til stjórnar um athugun sína. Stjórн sjóðsins skal senda miðstjórн ASÍ úttekt þessa með ársreikningi sjóðsins.

6.3 Við mat á framtíðarstöðu sjóðsins skal tilgreina rekstrarkostnað, ávoxtun sjóðsins og hvort sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Sérstaka grein skal gera fyrir áhrifum á afkomu sjóðsins vegna ákvarðana skv. greinum 12.3 og 12.4.

6.4 Geti sjóðurinn ekki staðið við skuldbindingar sínar skv. niðurstöðu úttektarinnar ber stjórн sjóðsins að leggja fyrir aðalfund tillögu að breytingu á reglugerð sem tryggir að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

7. gr. Ávoxtun sjóðsins

7.1 Heimilt er að ávaxta fé sjóðsins með eftirfarandi hætti;

- a) í ríkisskuldbréfum eða skuldbréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs,
- b) með kaupum á markaðsskráðum verðbréfum,
- c) í bönkum eða sparisjóðum,
- d) í fasteignum tengdum starfsemi sjóðsins,
- e) á annan þann hátt er stjórн sjóðsins metur tryggan sbr. 11.gr. viðmiðunarreglna um bókhald og ársreikninga stéttarfélaga og landssambanda eins og þær eru á hverjum tíma sbr. 41.gr. laga ASÍ.

8.gr. Ráðstöfun fjármuna

8.1 a) Ávallt skal þess gætt að ráðstöfun fjármuna sjóðsins brjóti ekki í bága við tilgang hans eða verkefni.

b) Þegar um er að ræða ráðstöfun fjármuna til verkefna sem ekki falla undir megin tilgang sjóðsins með beinum hætti skal tryggt að um eðlilega ávoxtun þess fjármagns sé að ræða, sbr. a, b og c lið greinar 7.1.

9. gr. Grundvöllur styrkveitinga úr sjúkrasjóði

9.1 Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga þeir sem fullnægja eftirtoldum skilyrðum, sbr. þó 10. gr.

9.2 Einungis þeir sem sannanlega greiða eða er greitt af til sjóðsins og verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast.

9.3 Þeir sem greidd hafa verið af til sjóðsins 1% iðgjöld í a.m.k. 6 mánuði, sbr. þó gr. 12.5. Heimilt er að greiða hlutfallslega dagpeninga ef sjóðfélagi getur ekki vegna veikinda unnið fulla vinnu samkvæmt læknisráði.

9.4 Hafi umsækjandi verið fullgildur aðili í sjúkrasjóði annars félags innan ASÍ þar til hann byrjar greiðslu til sjóðsins, sbr. 10. gr.

9.5 Hafi iðgjöld til sjúkrasjóðs ekki verið greidd vegna sjóðfélaga, en hann getur fært sönnur á, að félagsgjöld til viðkomandi aðildarfélags hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans síðustu 6 mánuði, skal hann njóta réttar eins og iðgjöld til sjúkrasjóðs hafi verið greidd.

9.6. Réttur miðast við greiðslu iðgjalds. Óheimilt er að skapa sér rétt til bóta með greiðslu iðgjalda aftur í tímann.

10. gr. Samskipti sjúkrasjóða

10.1 Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags, öðlast þann rétt hjá nýum sjóði skv. þeim reglum sem þar gilda eftir að hafa greitt í þann sjóð í einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrri sjóðnum.

10.2 Sá sem öðlast hefur rétt til styrkja úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags ASÍ, öðlast rétt til styrkja hjá Bárunni, stéttarfélagi skv. þeim reglum sem hjá félagini gilda eftir einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrra félagini. Þegar sótt er um styrki í nýju aðildarfélagi skal umsækjandi leggja fram yfirlit um veitta styrki sem hann hefur þegið úr fyrra sjúkrasjóði sl. 36 mánuði. 10.3 Vinni maður á fleiri en einum vinnustað og hafi verið greitt í fleiri en einn sjúkrasjóð þegar sótt er um greiðslu, skal umsækjandi greina frá því í hvaða sjóði hann hefur greitt og er heimilt að fresta greiðslu bóta þangað til fyrir liggur staðfesting annarra sjóða á því að umsækjandi hafi ekki sótt um greiðslur þaðan. Sjúkrasjóðurinn skal leita slíkrar staðfestingar og gefa síðan öðrum sjóðum yfirlit yfir þær bætur sem greiddar eru vegna umsækjandans, tegund og fjárhæð bóta.

11. gr. Geymd réttindi

11.1 Heimilt er að veita þeim sem gengst undir starfsþjálfun, sækir námskeið eða stundar nám í allt að 24 mánuði og hefur síðan aftur störf á samningssviði aðildarfélaga ASÍ, endurnýjaðan bótarétt þegar greitt hefur verið til sjóðsins í einn mánuð, hafi umsækjandi áður verið fullgildur sjóðfélagi. Sama gildir um þá sem hverfa frá vinnu vegna veikinda eða af heimilisástæðum.

11.2 Þeir sjóðfélagar sem fara í lögbundið fæðingarorlof halda áunnum réttindum sínum hefji þeir þegar að loknu fæðingarorlofi aftur störf á samningssviði aðildarfélaga ASÍ enda ákveði viðkomandi að viðhalda rétti sínum með greiðslu félagsgjalds í fæðingarorlofi.

11.3 Stjórn sjóðsins er heimilt að veita félagsmanni sem verið hefur atvinnulaus en greitt félagsgjald af atvinnuleysisbótum, rétt til dagpeninga og styrkja enda hafi hann verið sjóðfélagi í a.m.k. 6 mánuði samfellt áður en hann varð atvinnulaus. Heimild til greiðslna dagpeninga er þó háð því að félagsmaður hafi ekki fullnýtt rétt sinn til dagpeninga næst liðna 12 mánuði áður en hann missti starf sitt.

12. gr. Styrkveitingar

12.1 Dagpeningar í veikinda- og slysaforföllum í 120 daga að loknum greiðslum skv. veikinda- og slysaréttarákvæðum kjarasamninga. Dagpeningar skulu að viðbættum bótum almannatrygginga, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annari lögbundinni tryggingu, ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.

12.2 Dagpeningar í 90 daga að loknum kjarasamningsbundnum greiðslum launagreiðanda vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Með langveikum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlegan og/eða langvinnan sjúkdóm og þarfnast sérstakrar umönnunar. Með alvarlega fötluðum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlega greindarskerðingu, geðraskanir eða alvarlega líkamlega hömlun og þarfnast sérstakrar umönnunar.

12.3 Dagpeningar í 90 daga vegna mjög alvarlegra veikinda maka. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.

12.4 Eingreiddar dánarbætur við andlát virks og greiðandi sjóðfélaga sem nemi 360.000 krónum m.v.

Réttur til dagpeninga samkvæmt greinum 12.1., 12.2., og 12.3 er sjálfstæður og aðskilinn.

starfshlutfall hans. Réthafar bóta eru maki sjóðfélaga og börn hans. Bótajárhæð miðast við vísitölu neysluverös pr. 1.1.2017 og tekur sömu breytingum og hún.

12.5 Daga fjölda greiddra dagpeninga skv. 12.1 lið, til þeirra sem greitt er hlutfallslega lægra iðgjald af en 1%, er heimilt að skerða í sama hlutfalli og iðgjaldið er lægra en 1%.

12.6 Dagpeninga skv. 12.1, 12.2 og 12.3 er heimilt að miða við meðaltal heildarlauna á síðustu 12 mánuðum í stað síðustu 6 mánaða, hafi tekjur sjóðfélaga breyst verulega til hækkanar eða lækkunar á viðmiðunartímabilinu. Jafnframt er heimilt að ákveða hámark dagpeninga skv. 12.1, 12.2 og 12.3 sem þó sé ekki lægra en 250.0 00.- á mánuði miðað við launavísitölu pr. 1.7 2006 og tekur fjárhæðin sömu breytingum og hún.

12.7 Réttur skv. 12.1, 12.2 og 12.3 endurnýjast á hverjum 12 mánuðum, hlutfallslega eftir því sem hann er nýttur, talið frá þeim degi sem dagpeningagreiðslum líkur hverju sinni og greiðslur iðgjalda hefjast að nýju.

12.8 Heimilt er stjórn sjóðsins að veita styrki til sjóðsfélaga í formi forvarnar- og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysakostnaðar. Fjárhæð styrkja fer eftir ákvörðun stjórnar og úthlutunarreglum sjóðsins. Hámarksupphæðir styrkja skulu kynntar stjórn félagsins og bornar undir aðalfund ár hvert. 12.9 Styrkir til stofnana og félagasamtaka skulu ákveðnir af stjórn sjóðsins hverju sinni skv. gr. 2.2.

12.10 Við ráðstöfun fjármuna skv. 12.8 og 12.9 skal þess gætt að möguleiki sjóðsins til að standa við upphaflegar skuldbindingar sínar vegna sjúkdóma og slysa skerðist ekki. Í reglulegri úttekt á afkomu sjóðsins, skv. 6. gr., skal úttektaraðili skoða þennan þátt sérstaklega.

12.11 Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna bótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. bifreiðaslysa, þar sem bætur greiðast skv. skaðabótalögum. Stjórn félagsins er heimilt að víkja frá því í sérstökum tilvikum en heimilt er stjórn að gera kröfu um endurgreiðslu ef bætur samkvæmt skaðabótalögum fást greiddar.

12.12 Sjóðnum er heimilt samkvæmt ákvörðun aðalfundar að gerast aðili að samstarfi stéttarfélaga um tryggingavernd fyrir sjóðsfélaga eða endurtryggja hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Sé þessi heimild notuð fara greiðslur dánarþóta, örorkubóta, greiðslur vegna slysatryggingar í frítíma og slysatryggingar barna, eftir því sem við á, samkvæmt ákvæðum í samningi þar um. Um efnisatriði og gerð slíkra samninga skal fjallað á aðalfundi sjóðsins

13. gr. Lausn frá greiðsluskyldu

13.1 Ef farsóttir geisa getur sjóðsstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur sjóðsstjórn ákveðið að lækka um stundarsakir upphæð dagpeninga ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

14. gr. Tilhögun greiðslna úr sjóðnum

14.1 Afgreiðsla sjóðsins skal vera á skrifstofu Bárunnar, stéttarfélags og greiðir sjóðurinn allan beinan kostnað af eigin rekstri, auk þess skal hann greiða til Bárunnar, stéttarfélags 15% af innkomnum iðgjöldum vegna kostnaðar við innheimtu iðgjalda.

14.2 Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um fyrirkomulag á greiðslu dagpeninga og aðra starfstilhögun. Dagpeningar skulu greiddir mánaðarlega, fyrsta virkan dag næsta mánaðar á eftir. Beri helgi- eða stórhátíðardag upp á útborgunardag skal greiða næsta virkan dag á undan.

14.3 Stjórn sjóðsins og starfsmenn hans skulu hafa að leiðarljósi almennar stjórnsýslureglur, lög félagsins og starfs- og siðareglur um meðferð upplýsinga um umsóknir og afgreiðslu sjóðsins.

14.4 Umsóknum skal skilað á því formi sem stjórn sjóðsins ákveður og þeim fylgi nauðsynleg vottorð sem tryggja réttmæti greiðslna. Stjórn sjóðsins er heimilt að óska eftir þýðingu vottorða frá löggiltum skjalapýðanda. Umsækjandi ber kostnað af þýðingu.

14.5 Stjórn sjóðsins telur æskilegt og hvetur sjóðsfélaga er verið hafa frá vinnu vegna slysa eða veikinda að mæta í minnsta kosti eitt viðtal hjá Virk, starfsendurhæfingu.

15.gr. Fyrning bótaréttar

15.1 Réttur til dagpeninga í veikinda og slysaforföllum skv. gr.12.1 og 12.4 fellur niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.

15.2 Umsóknir vegna styrkja skulu berast innan 12 mánaða frá útgáfudegi reiknings. Réttur til styrkja skv. reglugerð þessari fellur að öðru leyti niður sé þeirra ekki vitjað innan 6 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.

16. gr. Endurgreiðsla iðgjalda

16.1 Iðgjöld til sjóðsins endurgreiðast ekki.

17. gr. Upplýsingaskylda

17.1 *Stjórn sjóðsins er skylt að upplýsa sjóðsfélaga um rétt þeirra til aðstoðar sjóðsins á aðgengilegan hátt m.a. með útgáfu bæklinga, dreifirita og/eða á heimasíðu félagsins.*

17.2 Sá sem reynir að afla sér styrkja/dagpeninga með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessum starfsreglum skal missa rétt til styrkja/dagpeninga úr sjóðnum vegna þess tilviks sem um ræðir

17. 3 Skilt er að endurkrefja félagsmenn um þegar greidda styrki/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta. Áður en félagsmaður er sviptur rétti skal veita honum rétt til andmæla. Tilkynna skal félagsmanni með sannanlegum hætti ef hann er sviptur rétti í sjóðnum.

17. 4. Félagið skal endurkrefja félagsmann þegar styrkir/dagpeningar eru ofgreiddir á grundvelli rangra upplýsinga eða vegna þess að félagsmaður hefur látið hjá líða að veita eða uppfæra upplýsingar sem hafa áhrif á rétt til styrkja/dagpeninga. Einnig er heimilt að endurkrefja félagsmann þegar styrkir/dagpeningar eru ofgreiddir vegna mistaka af hálfu starfsmanna sjóðsins.

17. 5. Þegar félagsmaður hefur fengið greiddar styrki/dagpeninga úr sjúkrasjóði en síðar kemur í ljós t.d. fyrir dómistólum að hann hefur átt rétt til frekari greiðslna frá atvinnurekanda s.s. launa í veikindum skal endurkrefja félagsmann.

18. gr. Breyting á fjárhæðum og styrkjum

18.1 Tillögur að breytingu á reglugerð sjóðsins skulu hafa borist stjórn sjóðsins í síðasta lagi 14 dögum fyrir aðalfund. Stjórn sjóðsins skal leggja fyrir aðalfund breytingar á almennum reglum um fjárhæðir styrkja sem sjóðurinn greiðir.

19. gr. Breytingar á reglugerðinni

19.1 Breytingar á reglugerðinni verða aðeins gerðar á aðalfundi og þurfa þær að vera samþykktar með meirihluta greiddra atkvæða fundarins. Slíkrar tillögu skal getið í fundarboði.

19.2 Breytingar á reglugerðinni skulu sendar skrifstofu ASÍ þegar og þær hafa verið samþykktar á aðalfundi.

Pannig samþykkt á aðalfundi Bárunnar, stéttarfélags 15. maí 2024

